

HILDUR ELÍN VIGNIR

RAUNFÆRNIMAT – ÁRANGUR OG ÁSKORANIR

Raunfærni er færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari fram við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi. ÍÐAN hefur framkvæmt raunfærnimat samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins síðan 2007 undir heitinu *Bættu um betur*. Raunfærnimat hefur verið framkvæmt í 12 greinum og hefur reynslan sýnt að stuðningur og hvatning frá náms- og starfsráðgjafa skiptir miklu máli fyrir alla aðila sem koma að raunfærnimatinu og næstu skrefum að því loknu. Samtals hafa verið metnar 6.094 einingar í gegnum *Bættu um betur*.

Bættu um betur er þróunarverkefni þar sem gengið er út frá því að eðlilegt sé að meta færni einstaklings óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Verkefnið felst í því að búa til leiðir til að meta færni þátttakenda, stöðu þeirra í iðn- og starfsnámi og gefa þeim kost á að ljúka námi og öðlast réttindi í iðngrein sinni. Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur í alls konar aðstæðum en að allt nám sé verðmætt og það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Tilgangur raunfærnimats er að draga fram og meta fjölbreytilega raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir.

Frá árinu 2007 hefur raunfærnimat verið framkvæmt í 12 greinum. Þær eru vélvirkjun, húsasmíði, málaraíðn, hársnyrtiðn, bifvélavirkjun, bílamálun, bílasmíði, matreiðsla, framreiðsla, pípulagnir, ljósmyndun og matartækni. Mest eftirspurn hefur verið eftir raunfærnimati í húsasmíði. Nýjar greinar á þessu ári eru blikksmíði, stálsmíði, múraraiðn og vélstjórn.

Þegar hafa 217 þátttakendur lokið raunfærnimatsferli að fullu en um 100 einstaklingar eru í ferli þessa dagana.

Samtals hafa einstaklingar, sem lokið hafa raunfærnimatsferli, fengið 6.094 einingar metnar en áætlun okkar er að í árslok 2009 verði þessar einingar orðnar mun fleiri.

Af þessum 217 þátttakendum hafa 53 lokið sveinsprófi nú þegar. Um 80% þeirra eru í námi þessa dagana og það verður að teljast mjög gott. Skorað er á fullorðinsfræðslu-aðila og framhaldsskóla að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir til að ljúka námi þegar raunfærnimatsferlinu er lokið en þá þurfa einstaklingar iðulega að setjast á skólabekk og ljúka því sem eftir stendur af almennum greinum og faggreinum. Reynslan hefur sýnt okkur að samstaða og stuðningur innan



Hildur Elín Vignir

raunfærnimatshópsins hefur mikið að segja þegar þátttakendur íhuga næstu skref.

Bættu um betur byrjaði sem þróunarverkefni á höfuðborgarsvæðinu en í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni hefur verið hægt að bjóða upp á þessa þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum.

Í haust er fyrirhugað að hefja raunfærnimat á Vesturlandi, Suðurnesjum, Suð-Austurlandi og í Vestmannaeyjum.

UM HÖFUNDINN:

Hildur Elín Vignir er framkvæmdastjóri ÍÐUNNAR fræðsluseturs. Hún hefur B.Ed.-próf frá Kennaraháskóla Íslands og diplómapróf í náms- og starfsráðgjöf. Hildur Elín var áður forstöðumaður þjálfunarlausna hjá IMG sem nú heitir Capacent.